



Borgarráð

Reykjavík, 9. september 2025

MSS25090007

### **Samningur við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 2026-2028**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að sameiginlegum samningi sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins fyrir árin 2026-2028. Borgarstjóra verði jafnframt veitt umboð til undirritunar samnings fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Þann 1. september sl. samþykkti stjórn SSH fyrirbyggjandi drög að samningi sem SSH sendir nú til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi SSH til borgarráðs – Samningur við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, dags. 1. september 2025.

Drög að samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 2026-2028, ódags.



**Reykjavík**



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur  
Heiða Björg Hilmysdóttir  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 1. september 2025.

Málsnr. 2409009

PBG/HH

### **Efni: Samningur við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.**

Á 612. fundi stjórnar SSH, hinn 1. september 2025, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

#### **2409009 - Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins**


Fyrirliggjandi eru drög að sameiginlegum samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna áráanna 2026-2028, en sveitarfélögin hafa hingað til gert samninga hvert um sig við stofuna. Er gerð tillaga um að stjórn samþykki drögin fyrir sitt leyti og að þau verði send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

#### **Niðurstaða fundar:**

***Stjórn samþykkir fyrirliggjandi drög að sameiginlegum samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna áráanna 2026-2028 og er skrifstofu SSH falið að senda þau til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.***

Eru meðfylgjandi samningsdrög því send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins og farið fram á að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt umboð til undirritunar þeirra. Er þá farið fram á að upplýsingar um afgreiðslu málsins berist í netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is). Sé óskað frekari kynningar skulu beiðnir þess efnis berast í netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is).

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd SSH



Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

#### **Meðfylgjandi:**

Drög að samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

# **Samningur sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 2026-2028**

Sveitarfélagið Garðabær (kt. 570169-6109), sveitarfélagið Hafnarfjarðarkaupstaður (kt. 590169-7579), sveitarfélagið Kópavogur (kt. 700169-3759), sveitarfélagið Mosfellsbær (kt. 470269-5969), Reykjavíkurborg (kt. 530269-7609), sveitarfélagið Seltjarnarnesbær (kt. 560269-2429), og Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins ses. (hér eftir stofan) (kt. 560523-1650), gera með sér eftirfarandi samning til þriggja ára (2026-2028).

## **1. gr. Forsendur**

Forsendur samningsins eru:

- Markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins var stofnuð 3. apríl 2023 og voru stofnendur Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins. Í framhaldinu var gerður samningur við sveitarfélögin þar sem lagt var upp með framlag sveitarfélaganna skv. rekstrargreiningu KPMG frá árinu 2022. Framlagið var 37% fyrsta árið, 87% á öðru ári og á þriðja ári, 2025 var það orðið 100%. Nýjar samþykktir stofunnar voru samþykktar á fyrsta aðalfundi hennar 22. október 2024 (sjá fylgiskjal 1).
- Markaðsstofan er í dag samstarfsvettvangur um 200 samstarfs- og aðildarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Gerður hefur verið sérstakur samningur við stjórnvöld (Ferðamálastofu og Íslandsstofu) um þróunar- og markaðsverkefni 2025- 2027. Aðild og aðildargjöld fyrir fyrirtæki og stofnanir voru ákveðin um mitt árið 2023 og í dag eru flest stærstu fyrirtæki og stofnanir í tengslum við ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu sem taka þátt. Sífelld er unnið að því að fá fleiri fyrirtæki að borðinu en gerð hefur verið sú breyting frá árinu 2026 að fyrirtæki þurfa að greiða eftir fjölda vörumerkja ( Sjá nánar um starfsemina í fylgiskjali 2).

## **2. gr. Markmið og áherslur**

Markmið samningsins er að þróa og markaðssetja áfangastaðinn sem heild. Sérstök áhersla er á að efla atvinnustarfsemi og auka gjaldeyristekjur með sjálfbærni að leiðarljósi.

Helstu áherslur eru eftirfarandi:

- Að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- Að þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkisvaldsins og stoðkerfisins.
- Að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífsins og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- Að styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi.
- Að annast markaðs- og kynningarstarf, áfangastaðapróun og stuðla að fagmennsku í greininni.
- Að vera málsvari og samnefnari fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins og er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stjórnvalda og atvinnugreinarinnar á svæðinu er kemur að ferðamálum. Samkvæmt skilgreiningu er áfangastaðastofa: svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðaþjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

### 3. gr. Samstarf og eftirfylgni

Virkt samstarf og samtal skal vera milli hvers og eins sveitarfélags og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins á samningstímabilinu. Stofnanir á vegum sveitarfélaganna sem tengjast ferðamálum eru sjálfkrafa aðilar að stofunni s.s. ferða-, menningar- og íþróttastofnanir. Samstarfið og eftirfylgni byggir m.a. á eftirfarandi:

- *Árleg kynning fyrir SSH*  
Árleg kynning á störfum stofunnar fyrir stjórn SSH.
- *Árlegur fundur*  
Árleg yfirferð um stöðu samningsins með bæjarstjóra/borgarstjóra og viðeigandi fulltrúum sveitarfélagsins.
- *Stjórn*  
Stjórn stofunnar er skipuð sjö einstaklingum. SSH tilnefnir fjóra í stjórn stofunnar þar sem Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður eiga fast sæti en Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær skipta með sér fjórða sætinu og varamannasætum sem eru tvö. Stjórn hittist að jafnaði mánaðarlega.
- *Stefnuráð*  
SSH tilnefnir sex fulltrúa í stefnuráð stofunnar sem telur í heild 12 fulltrúa. Hlutverk þess er að vera tengiliður milli stofnenda og starfsaðila Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og stjórnar hennar, koma að stefnumótun og áætlanagerð og hafa eftirlit með starfseminni til samræmis við það sem kveðið er á um í samþykktum hennar. Stefnuráðið hittist tvisvar sinnum á ári.
- *Aðalfundur*  
Er haldinn árlega fyrir lok október ár hvert og eiga sveitarstjórar eða tilnefndir fulltrúar þeirra setu- og atkvæðisrétt skv. samþykktum.
- *Faghópar*  
Sveitarfélögin eiga fulltrúa (starfsmaður sveitarfélagsins) í faghópi sveitarfélaga á vegum stofunnar ásamt því að fulltrúar (starfsmenn) taka þátt í starfi stofunnar eins og við á s.s. í faghópum um menningu, markaðsmál og þróun.
- *Ferðamálaþing höfuðborgarsvæðisins*  
Árlega er haldið Ferðamálaþing höfuðborgarsvæðisins í tengslum við aðalfund sem er öllum opið og fulltrúar sveitarfélaganna hvort sem kjörnir fulltrúar eða starfsmenn þeirra eru hvattir til þess að mæta og fylgjast með þróun og stöðu verkefna stofunnar.
- *Markaðsstofan*  
Tekur þátt í verkefnum tengdum ferðamálum eins og við á með sveitarfélögum sé þess óskað t.d. við gerð ferðamálastefnu og umsókna í uppbyggingarsjóð ferðamannastaða.

### 4. gr. Fjárframlög

Starfsemi stofunnar er fjármögnuð með framlögum frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og stjórnvöldum auk þess sem aðildarfélagar að stofunni greiða sérstakt aðildargjald sem uppfærist árlega miðað við meðaltalsbreytingu vísitölu neysluverðs fyrra árs. Stofan skal einnig eftir fremsta megni leita annarra tekjuleiða, s.s. í gegnum innlend og erlend sér- og samstarfsverkefni.

Sveitarfélögin veita framlag til stofunnar samkvæmt rekstrargreiningu KPMG frá árinu 2022. Taka skal mið af íbúahlutfalli og skal tekið mið af íbúafjölda frá 1. janúar á síðastliðnu ári frá Hagstofu Íslands.

Framlag sveitarfélaganna árlega árin 2026, 2027 og 2028 verður 110.000.000 kr. Fjárhagsáætlun stofunnar skal liggja fyrir í október lok ár hvert.

Framlag sveitarfélaganna skiptist milli þeirra samkvæmt hlutfallstölu íbúafjölda hér er miðað við 1. janúar 2025 eða þá næstliðins ár og skal uppfært árlega miðað tölur frá Hagstofu.

|                              |            |          | Árlegt      |
|------------------------------|------------|----------|-------------|
| Íbúafjöldi sveitarfélaga     | 01/01/2025 | Hlutfall | 110,000,000 |
| 0000 Reykjavíkurborg         | 138,322    | 55.71%   | 61,277,633  |
| 1000 Kópavogsbær             | 40,040     | 16.13%   | 17,738,006  |
| 1100 Seltjarnarneskaupstaður | 4,585      | 1.85%    | 2,031,188   |
| 1300 Garðabær                | 20,116     | 8.10%    | 8,911,531   |
| 1400 Hafnarfjarðarkaupstaður | 31,525     | 12.70%   | 13,965,800  |
| 1604 Mosfellsbær             | 13,715     | 5.52%    | 6,075,843   |
|                              | 248,303    | 100.00%  | 110,000,000 |

#### 5. gr. Greiðslufyrirkomulag

Framlag hvers sveitarfélags skal greitt í tvennu lagi, þ.e. 50% skal greitt eigi síðar en 30. janúar og 50% eigi síðar en 30. júní ár hvert.

#### 6. gr. Vanefndir

Telji eitt sveitarfélag eða fleiri að stofan uppfylli ekki samningsbundnar skyldur sínar getur það gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frests. Sveitarfélaginu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli stofan ekki skyldur sínar um samstarf og áherslur samkvæmt samningi þessum. Sé um verulegar vanefndir að ræða getur samningsaðili sagt samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

#### 7. gr. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2028. Samningsaðilar skulu hefja endurskoðun samnings eigi síðar en sex mánuðum fyrir samningslok.

#### 8. gr. Lögsaga

Ef upp kemur ágreiningur um samning þennan skulu samningsaðilar leitast við að jafna ágreining sín á milli. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í sjö jafngildum eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Kópavogur, xxx 2025

f.h. Garðabæjar

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

Almar Guðmundsson bæjarstjóri

Valdimar Víðisson bæjarstjóri

f.h. Kópavogs

f.h. Mosfellsbæjar

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Seltjarnarnesbæjar

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri

Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri

f.h. Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Inga Hlín Pálsdóttir framkvæmdastjóri